



4.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga haldinn í ráðhúsi Árborgar 5.janúar 2015 kl. 12.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir varamaður Ninnu Sifjar Svavarsdóttur og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Áhrif nýs kjarasamnings við tónlistarkennara

Róbert Darling skólastjóri og Helga Sighvatsdóttir aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga koma inn á fundinn til þess að upplýsa um áhrif nýs kjarasamnings á rekstraráætlanir tónlistarskólans. Um er að ræða u.þ.b. 13% hækkun á launum frá 1.nóvember 2014. Sveitarfélögin í Árnessýslu munu fá fundargerð og fylgigögn frá síðasta fundi Fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga þar sem kemur fram sundurgreind kostnaðarskipting milli sveitarfélaganna.

2. Samningur vegna úttektar á Brunavörnum Árnesinga

Formanni var falið á síðasta fundi að gera óformlega könnun á hvaða fyrirtæki gætu tekið að sér úttekt á rekstri Brunavarna. Niðurstaðan er að ganga til samninga við ráðgjafafyrirtækið R3 um slíka úttekt. Tilboðið frá R3 hljómar upp á kr. 1.229.000,- með vsk. (kr. 980.000 án vsk.). Um er að ræða u.þ.b. 70 klst. vinnu.

3. Ráðningarsamningur við forstöðumann Héraðsskjalasafns Árnesinga

Á fundi framkvæmdastjórnar þann 9.desember sl. var formanni og fjárhaldsmanni Héraðsnefndar falið að ræða við Þorstein Tryggva Mátsson forstöðumann héraðsskjalasafns um nýjan ráðningarsamning þar sem samningur við hann rann út sl. vor . Gengið hefur verið frá nýjum ráðningarsamningi til 5 ára.

4. Vorfundur Héraðsnefndar 2015

Framkvæmdastjórn leggur til að vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga verði haldinn á Flúðum dagana 9. og 10. apríl nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Ari Björn Thorarensen

Ragnar Magnússon

Aldís Hafsteinsdóttir